

Nd.

34. Frumvarp til laga

[33. mál]

um verðtryggingarsjóð.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er ber heitið verðtryggingarsjóður. Reikningshald sjóðsins annast fjármálaráðuneytið í samráði við sjóðsstjórnina.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að tryggja óbreytt gengi íslensku krónunnar og óhindraða framleiðslu í landbúnaði og sjávarútvegi landsins.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn, er kosnir séu hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til 4 ára í senn. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama hátt. Atvinnumálaráðherra skipar einn í stjórninni formann hennar.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera þessar:

1. Framlag úr rikissjóði, 50 milljónir króna á ári. (Sbr. 19. gr. 1 í fjárlögum ársins 1955.)
2. 10% skattur af öllum launum, kaupgjaldi og öðrum beinum tekjum fyrir eigin vinnu í landinu. Skal skatturinn, þar sem því verður við komið, dreginn frá og greiddur sjóðnum um leið og laun eru greidd. Þar sem óvíst er um tekjur manna fyrir eigin vinnu, skal miðað við árskaup manna í verkamannafélaginu Dagsbrún í Reykjavík, er atvinnu hafa allt árið, og á þetta við fullvinnandi fólk. Endurgreiðslu á launaskattinum geta þeir verkamenn fengið í árslok, er sanna fyrir yfirvaldi héraðs síns eða bæjar, að þeir hafi eigi getað fengið atvinnu á liðnu ári í 2 mánuði eða lengur. Launaskatturinn skal vera frádráttarbær við framtal til hins almenna tekjuskatts.
3. 10% stimpilgjald á alla aðgöngumiða að kvikmyndahúsum, leikhúsum, dansleikjum og hljómleika- og söngskemmtunum.

4. 200% álag á allan gjaldeyri, sem látinn er af hendi til ferðamanna, er ferðast til annarra landa.
5. Tollur af innfluttum bifreiðum. (Sbr. 1. gr. laga nr. 114 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.)
Um álagningu, innheimtu og skil þessara gjalda setur ríkisstjórnin reglugerð.

5. gr.

Verð á landbúnaðarafurðum til framleiðenda skal vera það, sem kostar að framleiða þær vörur næsta ár áður á ríkisbúunum á Bessastöðum, Hólum, Hvanneyri, Kleppi og Vífilstöðum, enda sé tekið með í tilkostnaði vextir af þeim höfuðstól, sem í búunum stendur, og áætluð opinber gjöld í samræmi við það, sem vera mundi, ef búin væru einkafyrirtæki. Reiknað sé með meðaltals framleiðslukostnaði á búunum öllum.

6. gr.

Verð á sjávarafurðum til þeirra, er ábyrgð bera á framleiðslunni, skal vera kostnaðarverð, eins og það reynist næsta ár áður að meðaltali hjá bæjarútgerðunum á Akureyri, Hafnarfirði, Ísafirði, Norðfirði, Reykjavík og Siglufirði.

Sé í þeim útreikningum, á sama hátt og hjá ríkisbúunum, tekið tillit til þess, að fullir vextir séu greiddir af þeim höfuðstól, sem í útgerðinni stendur, og reiknað með opinberum gjöldum, eins og þau mundu vera, ef fyrirtækin væru einkafyrirtæki.

7. gr.

Söluverð á landbúnaðarvörum og sjávarframleiðslu til neytenda innanlands skal á hverri tegund vera hið sama árið um kring. Það skal ákveðið af sjóðsstjórninni í samráði við ríkisstjórnina þannig, að vísitala framfærslukostnaðar fari eigi hækkandi.

8. gr.

Flutningskostnað þeirra afurða, sem um ræðir í 5. og 6. gr., greiði framleiðendur sérstaklega, á sölustað, ef varan er seld innanlands, en á hafnarstað, ef hún er send til sölu á erlendan markað. Að öðru leyti sé sams konar framleiðsluvara greidd sama verði, hvar á landinu sem hún er framleidd.

9. gr.

Sá mismunur, sem verður á framleiðsluverði landbúnaðar- og sjávarafurða samkvæmt 5. og 6. gr. og því verði, er vörurnar seljast á innlendum markaði samkv. 7. gr., og því verði, sem selt er á erlendis, skal greiddur framleiðendum af verðtryggingarsjóði.

10. gr.

Meðan lög þessi eru í gildi, er óheimilt að blanda verkun, vinnslu og sölu þeirra afurða, sem löggin taka til, saman við aðra verzlun eða atvinnurekstur. Skal sú starfsemi öll fara fram í fyrirtækjum, sem framleiðendur einir standa að, svo sem mjólkurbúum, sláturfélögum, hraðfrystihúsum, fiskvinnslustöðvum, síldarbræðslum og öðrum verkunar- og sölufyrirtækjum, sem framleiðendur ráða yfir. Samtímis er óheimilt að leggja tolla, söluskatta eða önnur prósentugjöld á þær afurðir, sem lög þessi ná til.

11. gr.

Sjóðurinn ber kostnað af stjórn, endurskoðun og annarri nauðsynlegri starfsemi, sem af verksviði hans leiðir.

12. gr.

Verði tekjur sjóðsins samkvæmt 4. gr. eigi nægilegar til að standa undir því hlutverki, sem sjóðnum ber að fullnægja, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess

að afla honum lánsfjár, þar til Alþingi gefst færi á að hækka tekjuliði sjóðsins eða afla honum tekna á annan hátt.

Fé sjóðsins ber að ávaxta í seðladeild Landsbankans, og er óheimilt að lána nokkuð af því út.

13. gr.

Ríkisstjórninni ber að setja reglugerð í samráði við sjóðsstjórnina, þar sem nánar er ákveðið um alla framkvæmd þessara laga, þannig að þau nái tilgangi sínum.

14. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

1. Reglugerð um innflutningsréttindi bátavégsmanna frá 11. febr. 1954 (bátagjaldeyrir).
2. Lög nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og lög nr. 116 27. nóv. 1942, um breyting á þeim lögum.
3. 2. og 3. gr. laga nr. 114 frá 24. des. 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.
4. 5. gr. laga nr. 112 28. des. 1950, a-liður (ferðagjaldeyrir).
5. Öll önnur ákvæði laga og reglugerða, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Á síðasta ári birti ég í blöðum allýtarlega grein, þar sem ég rakti orsakir þess, að ég hef frá upphafi verið andstæður vísitölu- og verðlagsuppbótakerfinu. Sýndi ég þar fram á afleiðingar þess í okkar fjármálum og lýsti þeirri stefnu, að allt þetta ásamt niðurgreiðslum á vörum o. fl. bæri að afnema til fulls.

Ég hef fengið vissu fyrir, að mjög margir landsmenn og einkum í sveitunum eru mér sammála í þessu efni. Hitt veit ég af fenginni reynslu og á annan hátt, að enginn stjórnmalaflokkur heill og ekkert stéttarfélag mundi fást til að fallast á eða berjast fyrir því nú, að tillögur mínar í þessum efnunum yrðu framkvæmdar. Því ber að taka eins og það er.

En það er hygginna manna háttur að reyna næstu færa leið, ef hin stytta er lokuð. Það hið sama vil ég reyna með því frumvarpi, sem hér liggur fyrir. Það er byggt á því að halda vísitölu- og verðlagsuppbót, eins og mikill hluti fólksins vill, en halda vísitölunni í fullum skefjum með niðurgreiðslu og um leið gera aðrar ráðstafanir til að bjarga framleiðslunni og koma í veg fyrir nýtt gengisfall eða öllu heldur gengishrun.

Frá því að fjármálaólgá sú, er orsakast hefur af tveimur heimsstyrjöldum, hófst hér á landi, hefur gengi íslensku krónunnar verið fellt hvað eftir annað. Er svo komið á því sviði, að enskt pund, sem kostaði áður 18 krónur íslenskar, kostar nú 45.70 krónur. Bandaríkjadollari, sem áður kostaði kr. 3.75, kostar nú kr. 16.32; og danska krónan kostar nú kr. 2.36 íslenskar, en kostaði áður eina krónu. Annað er eftir því eða næstum því. Þetta hefur þó eigi nægt til að gera útflutningsframleiðslu mögulega hér á landi. Til viðbótar hefur þurft að bjarga bátafloða landsmanna með nýjum ráðstöfunum, þ. e. sérstökum bátagjaldeyri, sem raunverulega er ný og aukin gengislækkun. Botnvörpungaflootanum verður að bjarga með allt að 2000 króna styrk á dag fyrir hvert botnvörpuskip. Landbúnaðarafurðir eru greiddar niður með ríkisframlagi um tugi milljóna króna á ári, og er það vísitölu-ráðstöfun. Jafnframt er það kunnugt, að framleiðsla þeirra vara er orðin svo dýr, að þær eru litt seljanlegar fyrir kostnaðarverð á erlendum markaði þrátt fyrir allt gengisfall okkar krónu.

Það má í sjálfu sér þykja undarlegt, að okkar aðalatvinnuvegir, landbúnaður og sjávarútvegur, skuli hafa lent í slíkum vanda sem orðið hefur, þegar tekið er tillit til allra þeirra framfara og bættu aðstöðu, sem fengizt hefur umfram það, sem áður þekktist. En til þessa liggja tvær aðalástæður. Í fyrsta lagi stórkostlega auknar lífskröfur fólksins og um leið hækkuð laun á öllum sviðum langt umfram það, sem atvinnuvegirnir eru færir um með því afurðaverði, sem þeir hafa haft við að búa. Í öðru lagi háir skattar og gjöld vegna óhóflegrar eyðslu þess opinbera. Það er kunnugt, að laun eru hækkuð árlega hjá einhverri stétt, og stundum á það sér stað oft á ári. Gerist þetta ýmist með samningum eða löggjöf. Oft fylgja og aukin fríðindi á annan hátt, svo sem stytur vinnutími, fleiri frídagar borgaðir o. fl. Allir frjálshuga menn telja þetta í sjálfu sér æskilegt og gott, og ekki þekki ég neina fulltrúa á Alþingi, er ekki kysu, að sem lengst sé hægt að ganga á þessu sviði.

En það er tvennt ólíkt, hvað menn óska og vilja, og svo hitt, hvað er skynsamlegt og hvað er hægt að gera. Afurðir framleiðslunnar og geta hennar er sú undirstaða, sem allt þarf og á að miðast við. Þar er arðurinn, sem þjóðin hefur til skipta. Þessa hefur ekki verið gætt. Óskir og lífskröfur hafa ráðið meiru en getan og heilbriggt fjármálavit. Þess vegna hefur framleiðslan komizt í þrot hvað eftir annað. Hefur þá verið gripið til þess ráðs að fella gengi okkar krónu, fyrst 1939, síðan 1950. Sú aðferð hefur bjargað í bili. En stefnan er flóttastefna, svo sem reynsla síðustu ára hefur sannað að fullu. Gengisfall er hvergi ákveðið í öðrum tilgangi en þeim að leiðrétta óheppilegt hlutfall milli framleiðslu og vinnu, til þess að gera framleiðslunni mögulegt að selja sínar afurðir á erlendum markaði fyrir fleiri einingar í eigin gjaldeyri en ella. Til þess eins er gengislækkun framkvæmd. Sú framleiðsla, sem ekkert flytur út til sölu, hefur ekkert gagn beinlínis af gengislækkun.

Það er vitað, að vegna endurtekinnar gengislækkunar hefur verið unnt að halda framleiðslunni gangandi og koma miklum framkvæmdum áleiðis. En þegar launahækkningar með verðlagsuppbótum og grunnlaunahækkun hafa náð hinu lækkaða gengi, þá er flóttinn kominn að sömu hindrun, og sú hindrun er alltaf því geigvænlegri, sem gengið hefur oftar verið fellt. Kemur þá til álita, hvort leggja eigi á nýjan flóttu eða spyrna við fótum og snúa við. Það vandamál liggur nú fyrir í okkar fjármálalífi.

Að leggja enn á flóttann og fella gengi krónunnar til mikilla muna gæti ef til vill dugað útflutningsframleiðslunni 2—4 ár eftir því, hve fljótt launin yrðu hækkuð að sama skapi. Að þeim tíma liðnum er allt komið í sama horf og þó stórum verra, því að hvert nýtt gengisfall gerir málið enn á ný örðugra viðfangs. Ég tel því óumflýjanlegt að stinga nú við fótum og reyna aðrar leiðir. Og málið er tiltölulega einfalt, ef menn vilja hreinskilnislega viðurkenna þann sannleik, að allur vandinn stafar af of háum lífskröfum og of háum launum almennings í landinu, samfara of miklum kröfum hins opinbera valds til eyðslu og framkvæmda. Þess vegna er það nauðsynlegt, að löggjöfin slái föstum þeim sannleika, sem ekki er með rökum hægt að vefengja, að órjúfandi bönd eru milli launa og kaupgjalds annars vegar og verðgildis okkar krónu hins vegar.

Öll framleiðsla byggist á vinnu fyrst og fremst, og vinnan er því verðmeiri, sem meira er hægt að létta hana með vélanotkun, enda hefur þess rækilega verið gætt við ákvörðun launa á undanförunum árum. Þörfin á hækkun skatta og tolla byggist líka að mjög miklu leyti á launahæð, því að mikill meiri hluti af gjöldum þess opinbera fer til að greiða launuðu fólki, ekki einasta í stjórn allra stofnana og starfsgreina ríkisins og sveitarfélaganna, heldur líka í öllum framkvæmdum, sem hið opinbera lætur vinna.

Þess vegna er það eðlilegasta og réttlátasta leiðin til að tryggja það gengi, sem er á krónunni, að taka hæfilegan hluta af öllum launum til að koma í veg fyrir lækkaða krónu. Framleiðslan verður að bera sig. Það vita allir, sem vilja vita. Fyrst

til hennar eru gerðar hærri kröfur en hún þolir að eðlilegum hætti, verður hún að fá hlut sinn réttan með tillagi, sem henni dugir.

Með þessu frumvarpi er gerð tilraun til þess að húa til ramma, er veiti þær skorður á þessu sviði, er að haldi megi koma. Að öðru leyti verður hér á eftir gerð grein fyrir öllum aðalatriðum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þessi grein þarf eigi mikillar skýringar við. Nafnið „verðtryggingarsjóður“ er einfalt og á að fela í sér hlutverk sjóðsins, að tryggja verð okkar krónu með því að fullnægja þeirri kröfu, að fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru beint úr skauti náttúrunnar, fáiast það verð, sem framleiðslan kostar. Virðist réttast, að fjármálaráðuneytið annist reikningshald þessa sjóðs, á sama hátt sem það annast reikningshald annarra ráðuneyta og fleiri stofnana.

Um 2. gr.

Með þessari grein er tilgangur sjóðsins ákveðinn, og skal eigi frekar en orðið er gerð grein fyrir honum.

Um 3. gr.

Það getur að sjálfsögðu verið mikið ágreiningsmál, hvernig stjórn þessa sjóðs yrði hagað. En það virðist einfaldast, að Alþingi kjósi stjórn hans, þar sem hún hefur sitt afmarkaða verk svið. Er og betra, að eigi séu fleiri menn en þrír í stjórninni, því að fjölmenni í vandasömum störfum er oftast aðeins til tafar og stundum vandræða. Engin vissa er heldur fyrir, að vitrari menn veldust til starfans, þó að þeir væru t. d. fimm.

Um 4. gr.

Í þessari grein eru þau ákvæði, sem ætla má að mestum deilum valdi, eins og oftast er um skattkröfur.

Í fyrsta lið er engin ný krafa, heldur aðeins gert ráð fyrir þeim sjálfsagða hlut, að það, sem ríkissjóður leggur fram til dýrtiðarráðstafana, falli í þennan sjóð. Á yfirstandandi árs fjárlögum er þetta áætlað 49100 þús. kr., en mun án efa fara mikið fram úr áætlun eftir fenginni reynslu.

Fimmti liður er heldur ekkert nýtt. Þar er aðeins gert ráð fyrir, að bilaskatturinn vegna togarautgerðarinnar falli í verðtryggingarsjóð. Um leið er ætlað til, að sjóðurinn taki við því verkefni, sem þessum skatti var ætlað.

Annar liður greinarinnar er aðalatriði hennar og hið stóra nýja ákvæði. Það er byggt á því, að gengi íslenzku krónunnar sé svo dýrmæt eign, að allri þjóðinni beri skylda til að vernda hana og leggja sitt fé fram til þess, af því að það komi aftur að öllu sjálfráðu margfalt. En hví að leggja þetta á launin? munu menn spyrja. Það er af því, að „vinnan er móðir auðæfanna“ og öll fjármálavelgengni byggist á vinnu. Vinnutekjur allra verkfærra einstaklinga í landinu eru því hinn eðlilegi gjaldstofn á þessu sviði, og með því að gjaldið er hundraðshluti, fer hæð þess frá hverjum og einum eftir því, hvað hver fær fyrir sína vinnu. Með 5. og 6. gr. er ætlað til, að framleiðendur til sjávar og sveita fái út úr framleiðslunni samsvarandi laun og aðrir landsmenn, og af þeim launatekjum ber þeim því líka að borga sinn launaskatt. Að öðru leyti er ætlað til, að nánari ákvæði séu um þetta sett í reglugerð. En hitt er sanngjarn og eðlilegt, að þeir verkamenn, sem geta ekki fengið atvinnu vissan hluta af árinu, sleppi við skattinn.

Í þriðja og fjórða lið greinarinnar er lagt til að skattleggja nokkuð tvo þætti eyðslunnar, og skal eigi fjölyrt um það. Má þó vel vera, að fleiri þætti ætti að taka með til þess að tryggja nægilegar tekjur sjóðnum til handa. En á þessu sviði eru sláttulönd ríkissjóðsins og annarra stofnana svo rækilega hagnýtt, að eigi er hægt um vik að afla þar mikið aukins forða með nýjum hækkunum. Þó vil ég eigi segja, að það sé með öllu útilokað.

Um 5.—6. gr.

Það er vafamál, við hvaða mælikvarða beri að miða framleiðsluverð á landbúnaðar- og sjávarframleiðslu. Það hefur verið og er mikið deilumál um landbúnaðarafurðir. Og um sjávarafurðir er það svo mikið deilumál, að framleiðendurnir sjálfir hafa hvað eftir annað gert verkfall um stundarsakir til að tryggja sér herra verð en ella. Að koma fastri skipun á þessi mál er því mjög aðkallandi. En þetta er ekki hægt með öðru móti en því að miða við eitthvað raunverulegt, sem árlega er byggt á föstum útreikningi. Nú vill svo til, að forustumenn þeirra stéttarféлага, sem fastast hafa barizt fyrir hækkuðum launum og styttnum vinnutíma hjá fastlaunuðu fólki og verkamönnum í tímavinnu, eru sömu mennirnir, sem leggja kapp á að koma framleiðslunni í opinberan rekstur. Hefur þetta einna mest komið fram um rekstur sjávarútvegsins og náð fram að ganga með vaxandi útgerð bæjarfélaganna. Þessum mönnum öllum ætti því eigi að vera annar mælikvarði geðfelldari á verð til einkafyrirtækja en sá að miða við það, hvert er hið raunverulega kostnaðarverð hjá bæjarútgerðunum að meðaltali. Hvert það er, ætti ekki að fara milli mála, þar sem um opinbert reikningshald og endurskoðun er að ræða.

Um verð á landbúnaðarafurðum hefur að undanförunu verið að því fundið allrækilega, að það verð væri miðað við afkomu of smárra bóa og um leið bóa, sem ekki hafa í sinni þjónustu alla þá tækni, sem fullkonnust er í landbúnaðarframleiðslu. Fram hjá þessu skeri er alveg siglt með því að nota framleiðslukostnað ríkisbúanna sem mælikvarða. Þau eru rekin sem stórbú við þau beztu skilyrði og viðtækustu tækni, sem fáanlegt er hér á landi. Betra er eigi hægt að bjóða þeim, er tortryggja útreikninga og skoðanir bændanna.

Á báðum sviðum verður auðvitað að taka með í reikninginn, að hinn opinberi rekstur verði að greiða fulla vexti af höfuðstólnum, sem til framleiðslunnar þarf, og opinber gjöld í samsvörun við það, sem einkareksturinn þyrfti að greiða.

Með miklum rétti mætti segja, að þeir, sem einkareksturinn stunda í framleiðslu sinni, setji sig í nokkra hættu með því að viðurkenna þessa reglu. En fram hjá því er örðugt að sneiða, því að fari svo, að þeir geli eigi staðizt samkeppnina með þessum hætti, af því að opinberi reksturinn reynist hagstæðari, þá verður meira og fleira að fara í það form og einkareksturinn smám saman að falla niður. Eftir núverandi útliti ætti samt ekki að vera mikil hætta á þessu.

Um 7. gr.

Með þessari grein er til þess ætlazt, að framleiðsluvörurnar séu seldar á föstu verði á innlendum markaði, og hinu sama árið um kring, þannig að launavisitalan hækki ekki. Með því ætti að vera tryggt, að landsfólkið sjálft lifði á innlendu framleiðsluvörunum til þess ýtrasta, og er það allra hluta vegna hagstæðast fyrir þjóðina alla.

Um 8. gr.

Til þess er ætlazt, að verð á sams konar vöru sé hið sama til framleiðenda, hvar á landinu sem varan er framleidd og hvernig sem sölu hennar og verkun er háttað, sem oft fer eftir ástæðum, sem hlutaðeigandi framleiðendur hafa ekki ráð á. Komist þetta á, er öll verðmiðlun og verðjöfnunargjöld úr sögunni og þau lagaákvæði, sem um það fjalla, óþörf.

Sú undantekning frá þessari reglu virðist þó eðlileg, að framleiðendur greiði sérstaklega flutningskostnað afurðanna á sölustað, ef varan er seld innanlands, en á hafnarstað, ef hún er flutt út til sölu á erlendum markaði.

Um 9. gr.

Með þessari grein eru útgjöld verðtryggingarsjóðs aðallega ákveðin, og þau eru að greiða það, sem vantar á fullt framleiðsluverð, þegar búið er að selja framleiðslu ársins innanlands og utan. Útgjöld sjóðsins verða eftir því minni, sem betur gengur

með sölu varanna á erlendum markaði og innanlands. En þau verða þeim mun meiri, sem sú sala gengur verr. Þjóðarheildin á því jafnt sem nú fjárhag sinn undir því, að góðra markaða sé aflað fyrir okkar vörur og að sala þeirra sé sem hagstæðust og hindrunarminnst.

Um 10. gr.

Þar sem verðtryggingarsjóði er ætlað að bera ábyrgð á verði þeirra afurða, sem lögnum er ætlað að ná til samkvæmt þessu frumvarpi, þá skiptir miklu máli, að sölu þeirra innanlands og utan sé hagað á sem hagfelldastan máta.

Það er því aðeins líklegt eða tryggilegt, að komið sé í veg fyrir það, að sölu afurðanna sé blandað inn í aðra verzlun eða annan áhættusaman atvinnurekstur, eins og nú á sér nokkuð stað. Sala þeirra á ekki að vera gróðavegur fyrir einstaklinga eða félagsfyrirtæki utan framleiðslunnar. Ekki á heldur að vera leyfilegt að leggja söluskatta eða önnur hundraðsgjöld á þessar vörur. Það yrði sama sem að láta verðtryggingarsjóð bera meiri halla og mundi heimta hærri launaskatt.

Um 11. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringa við, svo auðskilin og sjálfsögð er hún.

Um 12. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að fari svo, að verðtryggingarsjóður hafi eigi nægilegar tekjur til að fullnægja sínu hlutverki, þá verður að gera ráðstafanir til að útvega honum það fjármagn, sem á kynni að vanta. Verkefnið er svo mikilvægt, að frá því mætti eigi hvika, ef þessi leið yrði farin. Hagur þjóðarinnar allrar er í veði, ef gengi okkar krónu heldur áfram að falla, og það á ekki og má ekki hlífast við því að takmarka lífsskröfur og lífþægindi fólksins við það að geta haldið því lága gengi, sem okkar peningar eru komnir í. Ella er voði fyrir dyrum.

Um 13. gr.

Verkefni það, sem ákvarðað er með þessu frumvarpi, er svo mikilvægt, flókið og víðtækt, að nauðsynlegt er, ef það yrði að lögum, að setja reglugerð um öll minni háttar atriði og um framkvæmd allra þeirra ákvæða, sem um er að ræða. Er að sjálfsögðu eðlilegast, að ríkisstjórnin setji slíka reglugerð í samráði við væntanlega sjóðsstjórn.

Um 14. gr.

Það er heppilegast allra hluta vegna, að gildistaka þeirra ákvæða, sem frumvarp þetta hefur að geyma, miðist við áramót, og því er það lagt hér til. Þó er sá agnúi við þetta, að verð á ársframleiðslunni, t. d. af kjöti, verður misjafnt eftir því, hvort selt er í fyrsta sinn fyrir eða eftir áramót. Fram hjá þessu skeri er þó örðugt að sneiða.

Um 15. gr.

Ekki ætti að verða mikill ágreiningur um það, ef þetta frumvarp yrði lögfest, hvaða ákvæði, sem nú gilda, ættu að falla niður. Þó gæti komið fyrir, ef eitthvað af tekjum sjóðsins yrði rýrt, að þá yrðu líka önnur ákvæði, sem nú eru í gildi, að haldast áfram.